ÝMIS TÁKN

Mk Hæðarsetning á miðlínu sívals stokks
Nb Hæðarsetning á neðri brún rétthyrnds stokks (án einangrunar)
NBP Hæðarsetning á neðri brún steyptrar plötu
200 Loftmagn í L/S



Loftstokkur m. hitaeinangrun

Loftstokkur m. brunaeinangrun



SNIÐTÁKN

20 ER NÚMER TEIKNINGAR ÞAR SEM SNIÐ ER TEKIÐ.
23 ER NÚMER TEIKNINGAR ÞAR SEM SNIÐ ER SÝNT.

SKÝRINGAR FYRIR LOFTRÆSILAGNIR

Efni og frágangur
Allir loftstokkar skulu vera úr galvanhúðuðu stáli ef annað er ekki tekið fram.

Sívalir loftstokkar skulu vera skrúfulæstir (spírórör) og tengistykki skulu vera með gúmmíþéttingum. Kantaðir loftstokkar skulu vera með flansasamsetningum með pakkningu á milli flansa. Þéttleiki loftstokka skal vera eins og fyrir meðalþrýstiflokk. Loftstokkar skulu vera ómálaðir. Setja skal brunaeinangrun á loftstokka næst brunalokum eins og sýnt er á teikningum. Loftsstokka á þaki skal einangra að utan með 50 mm þykkri einangrun, sem skal klæða með 0,5 mm þykkum stálplötum. Brunaeinangra skal loftstokka næst brunalokum. Aðrir loftstokkar skulu vera óeinangraðir.

Verktaki skal setja hreinsilúgur á loftstokka þannig að hægt verði að komast allsstaðar að til hreinsunar. Gaumlúgur og viðhaldslúgur verði við brunalokur og tæki sem þarf að komast að í gegnum loftstokk við tækið. Setja skal fuglahelt net í útiristar og í útblástursop þar sem fuglar eða meindýr geta komist í gegn.

Lokafrágangur loftræsilagna skal vera í samræmi við verklýsingu og í samræmi við leiðbeiningarblað Rb(53).004 frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Upphengjur og festingar
Upphengjur og festingar skulu vera verksmiðjuframleiddar festingar af viðurkenndri gerð og eins og lýst er í 3.0 ef annað er ekki tekið fram á teikningum eða í verklýsingu.

Mesta fjarlægð á milli upphengja og festinga skal vera 2 metrar. Setja skal upphengju eða festingu innan við 0,5 metra frá beygjum og innan við 1 metra frá greinum. Upphengjur eða festingar skal setja við öll tæki. Setja skal mjúkt millilegg á milli burðarramma og upphengju eða festingar við tæki sem verða hljóðmyndandi til þess að draga úr hljóðburði.

Þéttiefni
Kítti, þéttilistar eða annað þéttiefni, sem notað verður, skal halda viðloðun og teygjanleika yfir -20°C til 70°C hitasvið og skal þola þann loftþrýsting sem verður í loftstokknum. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda um notkun þéttiefnisins. Þéttilistar á milli flangsa skulu ekki vera þynnri en 3 mm. Ekki er leyfilegt að nota límbönd til þéttingar.

Gaumlúgur
Við brunalokur, spjaldlokur og aðra staði þar sem nauðsynlegt er að komast að til eftirlits, viðhalds og hreinsunar skal setja gaumlúgur úr stáli af sömu gæðum og tilheyrandi loftstokkur. Það skal vera hægt að komast í alla lofstokka til hreinsunar um gaumlúgur eða á annan auðveldan hátt. Gaumlúgur skulu vera með þéttilistum á brúnum. Stærð á gaumlúgum til viðhalds skal ekki vera minni en 300 300 mm. Stærð á gaumlúgum til eftirlits og hreinsunar skal ekki vera minni en 100 mm í þvermál. Þar sem eftirlitsslúgur verða ekki nógu stórar til viðhaldsvinnu skal vera auðvelt að fjarlægja hluta úr stokk næst tæki.
Setja skal 20 mm göt fyrir mælingar á loftstreymi í loftstokkum. Loka skal götum með gúmmítöppum.

Tengibarkar og mjúk tengi
Tengibarkar skulu vera úr áli með gormastyrkingu. Lengd þeirra skal ekki vera meiri en 8 sinnum þvermál þess stokks sem þeir tengjast og ekki lengri en nauðsynlegt er. Samsetningar stokka og tengibarka skulu vera af sama þéttleikaflokki og tilheyrandi loftstokkar. Tengibarka skal eingöngu setja við loftventla eða tæki, en ekki sem tengingar á milli loftstokka.
Mjúk tengi við blásara skulu vera úr efni sem samþykkt er og framleitt er til tenginga í loftræsikerfum. Tengin skulu vera u.þ.b. 100 mm löng og fest við galvanhúðaðar stálplötur sitthvoru megin. Setja skal tengiflansa á stálplöturamma mjúkra tengja.

Stýriblöð
Setja skal stýriblöð úr galvanhúðuðu stáli í vinkilbeygjur á köntuðum stokkum.
Stýriblöð og deiling stýriblaða skal vera eins og sýnt er á teikningum.

Einangrun
Ferskloftsstokka skal hitaeinangra með haröpressaðri steinull með rúmþyngd a.m.k. 70 kg á rúmmetra. Loftstokka skal einangra að utan og klæða þar yfir með 0,5 mm þykkri galvanhúðaðri stálplötu. Þétta skal vandlega öll samskeyti á klæðningu með kítti.

Samþykki fyrir notkun lagnaefnis
Í byggingarreglugerð, grein 120, er krafa um að byggingarvörur á markaði uppfylli ákvæði reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431 / 1994 og beri merki og vottorð í samræmi við kröfur hennar. Framleiðanda eða innflytjanda er skylt að halda skrá yfir öll efni, tæki og byggingarhluta er hann hefur á boðstólum og hafa tiltæk afrit af vottorðum eða prófunarskýrslum frá prófunarstofu með faggildingu á viðkomandi byggingarsviði, svo m.a. sé unnt á fullnægjandi hátt að meta notkunarsvið vörunnar.
Í grein 120 segir jafnframt að á meðan ekki eru til staðlar og/eða tæknisamþykktir fyrir viðkomandi vöru til þess að ákvæði 1.málsgreinar 120.1 verði virk, skal krafist vottorða/umsagna um notkunarsvið vöru frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Brunamálastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærum aðilum sem umhverfisráðuneytið viðurkennir.
Í upphafi verks skal verktaki afhenda eftirlitsmanni verkkaupa tæknileg upplýsingablöð, vottorð og viðurkenningar fyrir lagnaefni sem hann hyggst nota í verkinu þannig að hann geti metið hvort það uppfylli ofangreind skilyrði og jafnframt hvort það uppfylli kröfur í útboðsgögnum.

Byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar
Afgreitt á fundi
20. JÚNÍ 2005

Áritun samræmingarhönnuðar

Br.	Dags.	Eðli breytingar	Hannað	Athugað

Samþ. Kt.



Almenna verkfræðistofan
Fellsmúla 26 – 108 Reykjavík
S: 580 8100 – Fax: 580 8101
av@almenna.is – www.almenna.is

FJARÐARGATA 13–15
HEILSUGÆSLA HAFNARFJARÐAR
LOFTRÆSIKERFI
ALMENNAR SKÝRINGAR OG TÁKN

Hannað ÞJ	Athugað ÞJ	M. ENGINN
Samþ. Ólafur Árnason		Kt. 220548-3339
Dags. 21.03.05	Nr. 1032.300-L-01	

Áritanir á teikningu eru á ábyrgð Almennu verkfræðistofunnar hf. kt. 470671-0179